

T I L L A G A

til þingsályktunar um kaup og sölu fasteigna.

(Lagt fyrir 62. kirkjuþing 2020-2021).

Flutt af framkvæmdanefnd.

Frsm. Einar Már Sigurðarson.

Kirkjuþing 2021-2022 samþykkir að fela framkvæmdanefnd kirkjuþings að selja eftirtaldar fasteignir enda fáist viðunandi söluverð:

1. Ránarbraut 7, Vík í Mýrdal, Mýrdalshrepp.
2. Kópnesbraut 17, Hólmavík, Strandabyggð.
3. Dalbraut 2, Dalvík, Dalvíkurbyggð.

Þá samþykkir kirkjuþing 2021 – 2022 að fela framkvæmdanefnd kirkjuþings að kaupa eða leigja fasteign til nota sem prestsbústað í Vík í Mýrdal, Mýrdalshrepp.

Greinargerð.

Tillaga þessi er lögð fram af framkvæmdanefnd kirkjuþings . Framkvæmdanefnd kirkjuþings leggur til að heimild verði veitt til að selja þær fasteignir í eigu Þjóðkirkjunnar sem greinir í þessari tillögu. Eru þær þá til viðbótar öðrum söluheimildum sem samþykktar voru í 15. máli kirkjuþings 2021-2022. Tillögurnar samræmast því sem fram kemur í skýrslu til kirkjuþings um fasteignamál þjóðkirkjunnar, 3. mál kirkjuþings 2021-2022, þskj. nr. 3. Skal nú gerð nánari grein fyrir hverri tillögu fyrir sig:

1. Nýlega var ráðið í stöðu sóknarprests í Víkurprestakalli, Suðurprófastsdæmi. Í auglýsingu um starfið var tekið fram að prestsbústaður væri í Vík og þar sé starfsaðstaða sóknarprestsins. Gert er ráð fyrir að áfram verði í boði íbúðarhúsnaði á vegum Þjóðkirkjunnar til afnota fyrir sóknarprest prestakallsins. Fasteignin Ránarbraut 7, Vík í Mýrdal, Mýrdalshrepp, sem hefur verið nýtt sem prestsbústaður um árabil, þarfnast töluverðs viðhalds, allt að 20 millj. kr. eða jafnvel meira, að mati fasteignasviðs. Reynslan sýnir að erfitt er að meta nákvæmlega hver viðhaldskostnaður getur orðið á gömlum fasteignum sem þarfnast mikils viðhalds og

getur hann orðið meiri en upphaflega er gert ráð fyrir í kostnaðaráætlun. Gert er ráð fyrir að kaupa aðra fasteign í stað núverandi prestsbústaðar, sem væri í betra ástandi og hentugri fyrir prest. Þá kemur einnig til greina að leigja fasteign í sama skyni ef ekki finnst hentug eign.

2. Tillaga að sölu Kópnesbrautar 17, Hólmavík, sem hefur verið nýtt sem prestsbústaður um langa hríð, fyrir sóknarprest Breiðafjarðar- og Strandaprestakalls, er á því reist að núverandi sóknarprestur hyggst flytja úr húsnaðinu og verður því ekki þörf á að leggja það til. Fasteignin er ein af þeim eignum sem lagt er til að verði seldar í framangreindu 3. máli kirkjuþings 2021-2022.

3. Tillaga að sölu Dalbrautar 2, Dalvík, Dalvíkurbyggð, er á því reist að samkvæmt starfsreglum nr. 1013/2019, um breytingu á starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2019, með síðari breytingum, var skylda til að leggja til prestssetur í Dalvíkurprestakalli felld brott. Tekur sú ákvörðun gildi við lok skipunartíma prestsins. Sóknarprestur Dalvíkurprestakalls, sem sat prestssetrið á Dalvík og þjónaði prestakallinu þegar framangreind ákvæði tóku gildi, hefur látið af störfum. Skylda til að leggja prestssetur til á Dalvík er því fallin brott.